

FUNDARGERÐ STJÓRNAR BYGGÐASAFNS ÁRNESINGA

14. fundur stjórnar Bygðasafns Árnesinga var haldinn 16. apríl 2020 kl. 19 í gegnum fjarfundabúnað. Fundinn sátu stjórnin öll þau Árni Eiríksson, Eggert Valur Guðmundsson og Bryndís Eir Þorsteinsdóttir, einnig safnstjóri Lýður Pálsson sem skrifaði fundargerð. Undir 1. lið sat fundinn Hrafnhildur Helgadóttir endurskoðandi hjá KPMG. Fundargerðin var færð í tölvu.

1. Ársreikningur Bygðasafns Árnesinga 2019. Ársreikningurinn sem gerður var af KPMG endurskoðun var lagður fram og útskýrður af Hrafnhildi Helgadóttur endurskoðanda. Heildarvelta var 68,4 milljónir króna. Rekstrarniðurstaða varð jákvæð um 11,4 milljónir króna samkvæmt rekstrarreikningi sem skýrist af hagnaði af sölu Hafnarbrúar 3. Launakostnaður varð 31,19 milljónir króna, rekstur fasteigna tæplega 8 milljónir króna og annar rekstrarkostnaður 11,6 milljónir. Eigið fé safnsins nam 39,1 milljón króna í árslok 2019 samkvæmt efnahagsreikningi. Stjórn safnsins og safnstjóri undirrituðu ársreikninginn með rafrænni undirskrift.
2. Ársskýrsla 2019. Ársskýrsla Bygðasafns Árnesinga fyrir árið 2019 gerð af safnstjóra var lögð fram. Skýrslan verður aðgengileg á heimasíðunni www.byggdasafn.is innan tíðar.
3. Niðurstöður styrkumsókna. Safnstjóri kynnti niðurstöður styrkumsókna safnsins í Húsafríðunarsjóð, Safnasjóð og Uppbyggingasjóð Suðurlands. Húsafríðunarsjóður veitti styrki vegna viðhaldsframkvæmda á Húsinu og Assistentahúsinu síðastliðið ár að upphæð 2,6 milljónir króna, Safnasjóður veitti safninu verkefnastyrki að upphæð 3,4 milljónir króna úr aðalúthlutun sjóðsins og öndvegisstyrk vegna flutninga að upphæð 2 milljónir á ári þetta ár og næstu tvö árin með fyrirvara um fjármögnun sjóðsins. Áður var Safnasjóður búinn að veita safninu 600 þúsund krónur í símenntunarstyrki á þessu ári. Uppbyggingasjóður Suðurlands veitti safninu 300 þúsund króna styrk vegna sumarsýningar. Heildarupphæð styrkja er þremur milljónum hærrí en gert var ráð fyrir í rekstraráætlun safnsins.
4. Staða flutninga. Safnstjóri greindi frá stöðu flutninga í Búðarstíg 22. Lokið er flutningi safnkosts úr Mundakotsskemmu en eftir er að fá brettahillur og lagerhillur. Stefnt er að því að ljúka frágangi safnkosts á næstu vikum.
5. Mundakotsskemman. Skemman hefur verið notuð í þágu safnastarfseminnar frá ca 1989 en hún var gefin Sjóminjasafninu á Eyrarbakka af Lilju Bjarnadóttur ekkju Ólafs Guðjónssonar í Mundakoti. Nú liggur fyrir að söfnin hafa ekki not af skemmuni lengur þar sem safnkostur hefur verið fluttur í betri geymslu að Búðarstíg 22. Stjórn Bygðasafns Árnesinga felur eiganda Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka, Sveitarfélaginu Árborg, að finna skemmuni nýtt hlutverk. Safnstjóra var falið að senda sveitarfélaginu erindi þess efnis.
6. Verkefni sem unnið er að um þessar mundir. Vegna Covid-veirunnar gildir lokun hjá söfnum samkvæmt fyrirmælum stjórnvalda. Starfsmenn hafa nóg fyrir stafni þrátt fyrir það. Er unnið að innra starfi og ber þar hæst skráningu nýrra aðfanga. Gestir í maí undanfarin ár hafa verið erlendir og hópar. Húsakynni safnanna einkennast af þröngum göngum og er því óhægt um vik með að halda þeim opnum í samræmi við leiðbeiningar Sóttvarnaráðs. Stjórn safnsins samþykkir að fresta sumaropnun í ljósi aðstæðna um óákveðinn tíma.

Fleira ekki tekið fyrir, fundargerð lesin upp og fundi slitið kl. 20.